

Gleðileg jól

Starfsfólk Dagskrárinnar færir
lesendum sínum hugheilar
þakkir fyrir samfylgdina á
árinu, með ósk um gleðileg jól
og farsæld á komandi ári.



Næsta blað á nýju ári

Í næstu viku er Dagskráin
í jólafríi. Næsta tölublað
kemur því út fimmtudaginn
4. janúar 2024. Auglýsingar
og efni í það blað þurfa að
berast fyrir hádegi, þriðju-
daginn 2. janúar.

Framkvæmdir að hefjast við nýjan miðbæ í Þorlákshöfn

Síðastliðinn fimmtudag skrif-
suðu Sveitarfélagið Ölfus
og fasteignafélagið Arnarhvoll
undir bindandi samkomulag um
byggingu miðbæjar í Þorlaks-
höfn. Um er að ræða byggingu
á 140 íbúðum, auk verslana og
þjónusturýma, hótels, menning-
arsalar, veitingastaða og fleira.

Samkomulagi miðar við að
hönnun hefjist strax og fyrstu
byggingarnar verði fullbúin
fyrir lok ársins 2025 eða fyrri-
hluta 2026.

Sérstök áhersla er lögð á
vandað miðbæjarumhverfi sem
styður við menningu- og mann-
líf. Er þar til að mynda ráðgert
að vera með fallett torg sem
skapar Þorlákshöfn en sterkari
sérkenni. Þannig verður gróður
áberandi auk þess sem horft
er til nýjunga svo sem skautas-
vells, skapandi leiksvæða og fl.

„Þorlákshöfn hefur verið

að vaxa mjög hratt á seinustu
árum. Hér er sótt á forsendum
verðmætasköpunar og á næstu
5 árum er fyrirhugað að störfum
fjölgi um allt að 500, mest vegna
umhverfissvænnar matvælafram-
leiðslu, vaxandi ferðaþjónustu
og nýsköpunar. Við lítum á það
sem mikilvægan þátt í uppbygg-
ingarformum okkar að styðja
við það sterka mannlíf sem hér
er og auka þjónustu við íbúa og
gesti. Þar getur vel heppnaður
miðbær leikið lykilhlutverk. Við
horfum þar meðal annars til þess
að koma upp menningarsal, veit-
ingahúsum, verslunum og hvers
konar þjónustu. Það eru því for-
réttindi að fá til liðs við okkur
fyrirtæki eins og Arnarhvol sem
deilir með okkur trúnni á þetta
samfélag,” segir Elliði Vignis-
son, bæjarstjóri í Þorlákshöfn.

„Ég held að það hafi ekki
farið fram hjá nokkrum manni

hversu mjög Ölfus og Þorlaks-
höfn hafa styrkst á seinustu
árum. Ekki eingöngu fjölgar
íbúum heldur eru stór og sterk
fyrirtæki að velja sér hér fram-
tíðarstaðsetningu sem skapar
sérstöðu og velsæld. Til við-
bótar við það þá er Þorlákshöfn
ekki í nema rétt um 30 mínútna
akstursfjarlægð frá Reykjavík.
Sveitarfélagið hyggur á enn
frekari sókn og eflingu innviða
svo sem með því að byggja
hér fjölnotaíþróttahús, byggja
nýjan leikskóla, stækka höfnina,
byggja íbúðir fyrir eldri borgara
og efla enn frekar sundlaugina.
Þorlákshöfn er því orðin frá-
bær valkostur fyrir ungt fólk
sem vill njóta þessa að ala upp
börn í nánu samfélagi við hátt
þjónustustig. Á þeim forsendum
leggjum við í þetta samstarf,”
segir Karl Þráinsson, fram-
kvæmdastjóri Arnarhvals.



Elliði Vignisson bæjarstjóri, Karl Þráinsson, framkvæmdastjóri Arnarhvals og
Grétar Ingi Erlendsson, formaður bæjarráðs. Mynd: Aðsend.

*Við óskum Sunnlendingum
öllum gleðilegra jóla og farsældar
á komandi ári.*

*Þökkum viðskiptin á árinu
sem er að líða.*



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

TOYOTA bZ4X
100% RAFMAGNSBÍLL



Toyota
Selfossi



Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000





Eldsvoðinn alls ekki það versta sem þau hafa gengið í gegnum síðustu 5 árin

Það var rétt fyrir opnun, þann 6. nóvember síðastliðinn, sem eldur læsti um sig í loft-ræstingu veitingastaðarins Krisp en veitingastaðurinn opnaði á ný eftir viðgerðir og endurbætur, föstudaginn 15. desember sl.

„Það vildi þannig til að við hjónin áttum einmitt 5 ára brúðkaupsafmæli þennan dag, svo við vorum heima í rólegheitum þegar við fengum símhringingu frá starfsmanni. Við sátum bara saman á sófanum að drekka kaffi í rólegheitum þegar símtalið kom,“ segir Birta Jónsdóttir, annar eigandi Krisp í samtali við DFS.is.

„Starfsfólkið í eldhúsinu hafði orðið vart við reyk í loft-ræstikerfi staðarins. Siggí var einstaklega fljótur að bregðast við og hljóp tafarlaust yfir á Krisp. Sem betur fer búum við bara nokkrum húsum frá svo hann var mættur nógu snemma á staðinn til að gera heilmikið gagn. Ég var sjálf mætt út eftir 3 mínútum seinna en þá blasti við mér eldur í loftræstingunni og fullt plan af slökkviliðsmönnum. Siggí var þá ennþá inni að tæma úr síðustu slökkvitækjum, ásamt tveimur öðrum, en stuttu seinna var slökkviliðið tekið yfir aðgerðum og hann bættist í hópinn sem stóð úti á plani með mér,“ bætir Birta við.

„Nokkuð súrrealísk upplifun“

„Eftir nokkra stund ákvað ég að röлта heim til okkar með starfsfólkinu á meðan Siggí fór á HSU til að fá smá súrefni. Hann var sem betur fer bara með væg ein-kenni reykeitrunar og kom því fljótlega og bættist svo í hópinn til okkar heim í stofu. Við sátum svo bara hér, drukkum kaffi og spjölluðum saman á meðan við fylgdu með slökkvistarfinu



Sigurður Ágústsson og Birta Jónsdóttir, eigendur Krisp Restaurant á Selfossi árið 2018. Ljósmynd: Dagskráin/ÖG.

út um stofugluggann okkar sem snýr að einmitt að þeirri hlið Krisp sem eldurinn geysaði í. Þetta var nokkuð súrrealísk upplifun og skýrtinn dagur.“

Þá segir Birta að þrátt fyrir skjót viðbrögð, bæði þeirra og viðbragðsaðila, hafi bruninn náð að valda töluvert miklu tjóni á litla eldhúsinu þeirra á stuttum tíma. „Loftræstingin var algerlega eyðilögð auk þess sem töluvert vatnstjón, sem varð við slökkvistarfið, eyðilagði flest öll eldhústækin okkar. Þannig að þrátt fyrir að við hefðum í upphafi bundið miklar vonir við að geta opnað aftur innan viku eða tíu daga, varð það því miður ekki raunin.“

Nýttu tímann vel

„Við áttuðum okkur fljótt á að þetta yrði töluvert lengra ferli en við gerðum ráð fyrir í upphafi,“ útskýrir Birta. „En við ákváðum bara að horfa á björtu hliðarnar og nýta þennan tíma til að fara í endurbætur í leiðinni. Þannig að á meðan iðnaðarmenn unnu að því að rífa eldhúsið í sundur, til að hægt væri að koma því aftur

saman, nýttum við tímann í að lakka borð, stóla, mála veggj ofl. í þeim dúr.“

„Það er svo ótal margt sem hefur á daga okkar drifið síðan við opnuðum Krisp og þótt ótrúlegt megi virðast þá er þetta alls ekki það versta sem við höfum gengið í gegnum síðan á þessum 5 árum. Við höfðum tekist á við Covid, dauðsföll í nánustu fjölskyldu og svo greindist Siggí með krabbamein árið 2020 með öllum þeim meðferðum og átökum sem því fylgir. Þannig að við ætlum að líta á þetta sem einskonar nýja byrjun og tækifæri sem gerði okkur kleift að gera litla staðinn okkar fallegri, endurnýja eldhúsið og bæta nokkrum nýjum réttum á matseðilinn í leiðinni. Síminn hefur varla stoppað hjá okkur síðan þetta gerðist og fólk hefur verið ótrúlega hughreystandi og skilningsríkt. Við lítum því björtum augum til framtíðar og bíðum spennt eftir að geta opnað aftur fyrir gestum og gangandi á föstudaginn.“



Eldir kviknaði í loftræstingunni á Krisp þann 6. nóvember sl. Ljósmynd: Dagskráin/HGL



Kæri sambýlismaður minn, bróðir okkar og frændi,

GUÐMUNDUR JÓNSSON
frá Björk,

lést þriðjudaginn 12. desember á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Útför fer fram frá Selfoskirkju föstudaginn 22. desember klukkan 14. Hlekk á streymi má nálgast á promynd.is/gudmundurjonsson. Einnig má nálgast hlekk á streymi á mbl.is/andlat



Katrín Vestmann Þóroddsdóttir
Guðrún Jónsdóttir
Sigríður Jónsdóttir
Gréta Jónsdóttir
Ragnheiður Jónsdóttir **Jóhann V. Helgason**
Sigurður Jónsson **Anna Kristín Gunnarsdóttir**
og systkinabörn



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Jenný Jóhannsdóttir
kennari, Skarði, Skeiða- og Gnúpverjahreppi,

lést mánudaginn 11. desember á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Útförin fer fram fimmtudaginn 21. desember kl. 13.00 frá Skálholtskirkju.



Sigurður Björgvinsson
Sigurros Ingimarsdóttir
Björgvin G. Sigurðsson
Sigurður Unnar Sigurðsson
Davíð Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabörn.
María Ragna Lúðvígsdóttir
Vilborg María Ástráðsdóttir
Agnes Rós Jónsdóttir



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.



Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

OPNUNARTÍMAR UM HÁTÍÐARNAR

SUNNUDAGAR ERU FRÍDAGAR

Við vekjum athygli á að lokað er á aðfangadag og gamlársdag þar sem óheimilt er að hafa Vínbúðir opnar á sunnudögum.

Vínbúðin Selfossi

Fimmtudagur	21. desember	11-18
Föstudagur	22. desember	11-19
Laugardagur	23. desember	11-20
Sunnudagur	24. desember	Lokað
Mánudagur	25. desember	Lokað
Þriðjudagur	26. desember	Lokað
Miðvikudagur	27. desember	11-18
Fimmtudagur	28. desember	11-18
Föstudagur	29. desember	11-19
Laugardagur	30. desember	11-20
Sunnudagur	31. desember	Lokað
Mánudagur	1. janúar	Lokað
Þriðjudagur	2. janúar	11-18

Vínbúðirnar Vík, Kirkjubæjarklaustri og Þorlákshöfn

Fimmtudagur	21. desember	14-18
Föstudagur	22. desember	13-19
Laugardagur	23. desember	12-14
Sunnudagur	24. desember	Lokað
Mánudagur	25. desember	Lokað
Þriðjudagur	26. desember	Lokað
Miðvikudagur	27. desember	14-18
Fimmtudagur	28. desember	14-18
Föstudagur	29. desember	13-19
Laugardagur	30. desember	12-14
Sunnudagur	31. desember	Lokað
Mánudagur	1. janúar	Lokað
Þriðjudagur	2. janúar	14-18

Vínbúðirnar Flúðum, Hellu, Hveragerði og Hvolsvelli

Fimmtudagur	21. desember	11-18
Föstudagur	22. desember	11-19
Laugardagur	23. desember	11-16
Sunnudagur	24. desember	Lokað
Mánudagur	25. desember	Lokað
Þriðjudagur	26. desember	Lokað
Miðvikudagur	27. desember	11-18
Fimmtudagur	28. desember	11-18
Föstudagur	29. desember	11-19
Laugardagur	30. desember	11-16
Sunnudagur	31. desember	Lokað
Mánudagur	1. janúar	Lokað
Þriðjudagur	2. janúar	11-18

Nánari upplýsingar um opnunartíma er að finna á [vinbudin.is](#)

Við minnum á að áfengiskaupaaldurinn á Íslandi er 20 ár og biðjum fólk að hafa skilríki meðferðis.



Rausnarlegar gjafir til skólans

Nýlega bárust Garðyrkju-skólanum á Reykjum veglegar gjafir frá Sæmundi Guðmundssyni, Eplabónda á Hellu. Sæmundur hefur um árabíl verið einn ötulasti ræktandi ávaxtatrjáa á Íslandi. Nemendur Garðyrkjuskólans hafa ítrekað heimsótt Sæmund og fengið að skoða aldingarönn við heimili hans á Hellu. Það er ótrúleg upplifun að ganga á milli ávaxtatrjáanna og sjá hvernig þau þrífast hér á okkar erfiða ræktunarlandi. Nú á haustdögum gaf Sæmundur skólanum um fimmtíu eplatré sem eru góður grunnur að aldintrjáaræktun skólans í framtíðinni. Nemendur gróðursettu trén í stóra potta í verklegri æfingu í áfanga um ávaxtarækt nú á haustönninni. Búið er að koma þeim vel fyrir í garðskála skólans þar sem þau munu gleða heimafolk og gesti í framtíðinni.

Í sinni ræktunarvegferð hefur Sæmundur safnað dágóðu bókasafni um áhugamál sitt og nú í haust gaf hann skólanum megnið af bókasafninu sínu. Um er að ræða



gríðarlegt magn fræðibóka um ávaxtarækt, sérstaklega ræktun eplatrjáa og er safnið einstakt í sinni röð. Núna er unnið við að gera þessar bækur aðgengilegar fyrir starfsfólk, nemendur og aðra áhugasama. Kunnum við Sæmundi bestu þakkir fyrir sýndan vinarhug við skólann. Við hlökkum til að takast á við það verkefni að finna og rækta þá ávexti sem best henta á Íslandi og halda þannig áfram því tilraunastarfi sem Sæmundur hefur unnið að undanfarna áratugi.

FSu



Einar Björnsson frá Kótelettunni, Gréta Ingbórsdóttir frá SKB, Einar S. Eiríksson frá Stjörnugrís, Sigurður Sigurðsson frá Kjarnafæði, Höskuldur Pálsson frá Ali og Elvar Örn Rúnarsson frá Esju - Gæðafæði við afhendingu styrktarféðs til SKB í vikunni. Ljósmyndari: Mummi Lú.

Kótelettan aflaði 2,8 milljóna fyrir krabbameinssjúk börn

Alls söfnuðust 2,8 milljónir króna á Kótelettunni á Selfossi í sumar sem renna til Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna (SKB). Þetta er hæsta upphæð sem safnast hefur á Kótelettunni fyrir SKB á þeim 8 árum sem kótelettusalan hefur verið í gangi á hátíðinni.

Helmungurinn af upphæðinni eða 1,4 milljónir er af rakstur kótelettusölu og Einar Björnsson, skipuleggjandi og forsvarsmáður Kótelettunnar, afhenti SKB síðan sömu upp-

hæð í vikunni að viðstöddum fulltrúum styrktaraðila en Einar ákvað á síðasta ári að hátíðin myndi tvöfalda þá upphæð sem kæmi út úr styrktarlettusölu svokölluðu.

„Hátíðin hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem einn af skemmtilegri fjáröflunarviðburðum félagsins en á hverju ári fáum við líflega og öfluga einstaklinga til að grilla með okkur kjötið sem samstarfsaðilar sjá okkur fyrir. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna

þakkar kærlega öllum sem komu að styrktarsölu á Kótelettunni á Selfossi síðasta sumar,“ sagði Gréta Ingbórsdóttir, framkvæmdastjóri SKB, við afhendinguna.

Viðstaddir afhendinguna voru fulltrúar frá Kjarnafæði, Stjörnugrís, Ali og Kjótbankanum en fyrirtækin hafa ásamt SS og Mömmum á Selfossi lagt kótelettunni til. Einnig hefur Matborðið gefið SKB kartöflusalat sem selt hefur verið með kótelettunum.

Hækka seinkomugjald í leikskólum Árborgar

Þann 27. september sl. barst foreldrum barna í leikskólum Árborgar tilkynning þess efnis að frá og með 1. október bæri foreldrum/forráðamönnum að greiða 1911 krónu gjald fyrir hvert hafið korter sem börn þeirra dveldu í leikskólanum umfram umsamin vistunartíma, skipti þá ekki máli

hvort börnin yrðu sótt 16:01 eða 16:14. Um áramót stendur til að hækka þetta gjald upp í 3000 kr.

Samhliða gjaldskrárhækkun hefur 100% afsláttur fyrir þriðja barn verið felldur niður í 75% og 100% afslátturinn færður yfir á fjórða barn.

Samkvæmt nýrri gjaldskrá Árborgar mun kostnaður fyrir

barn sem skráð er í 8 tíma vistun í leikskóla með morgunhressingu, hádegisverði og síðdegishressingu og foreldri er ekki einstætt eða báðir foreldrar í fullu námi verða 48.555 kr. Ef foreldrar mæta hinsvegar seint að sækja barnið þrisvar sinnum yfir mánuðinn, mun sá kostnaður ná upp í 57.555 kr.



Leikskólinn Álfheimar á Selfossi. Mynd: Dagskráin/HGL

Skjólstæðingum á heilsugæslum HSU boðið að taka þátt í rannsókn Ipsos

Hópur skjólstæðinga Heilbrigðisstofnunar Suðurlands hefur fengið boð um að taka þátt í alþjóðlegri rannsókn á þjónustu við fólk sem leitar til heilsugæslu vegna veikinda.

Hluta skjólstæðinga 45 ára og eldri sem höfðu samband við heilsugæslustöð á sex mánaða tímabili hefur verið boðin þátttaka í rannsókninni. Boð um þátttöku verða send í tölvupósti á þá sem eru með skráð netfang hjá sinni heilsugæslustöð en aðrir fá boð í gegnum SMS-skilaboð í farsíma.

Rannsóknin hefur þann tilgang að skoða bæði aðbúnað heilsugæslustöðva og þá umönnun og meðferð sem fólk fær á stöðvunum. Rannsóknin er unnin af Heilbrigðisvísindastofnun heilbrigðisviðs Háskóla Íslands. Hún er gerð að tilstuðlan Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) og nær til 22 landa.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands hvetur þá sem fá boð um að taka þátt í rannsókninni til að taka þátt og svara spurningalista sem það fær. Þar er meðal annars spurt um líkamlega og andlega heilsu, lífs-gæði, lyf, einkenni, lífsstíl, aðgengi að þjónustu og samskipti við heilsugæsluna.



Heilbrigðisstofnun Suðurlands í samstarfi við Háskóla Íslands og OECD oskar eftir thinni þátttöku í alþjóðlegri rannsókn sem skodar aðbúnað og umönnun og meðferð sem fólk fær. Upplýsingabref ma finna í upphafi spurningalista sem hægt er að nálgast hér: <https://ipsos.uk/41stest1s>

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.
Bladaðamaður: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÖLAR

Hún er freisting fest við girni, föst í kollinum á Birni. Lagið komið Fúsa frá, fislétt svífur loftin blá.

Svar við gátu í blaði 2731: **BOLI**
2. Kuldaboli
3. Boli, einn af eiginmönnum Grýlu - 4. Bo(l)i





2023

Gleðileg jól og farsælt komandi ár!

Við hjá Landsvirkjun þökkum góð
samskipti á árinu sem er að líða.
Hlökkum til að hittast uppfyll af
endurnýjaðri orku á nýju ári.



Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga vegna deiliskipulags í Rangárþingi eystra.

Eyvindarholt - Nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir tveimur byggingarreitum þar sem heimilt verður að byggja aðstöðuhús fyrir ferðamenn ásamt um 60 bílastæðum. Innan svæðisins verður gönguleið og útsýnisstaður að flugvélaflaki sem komið hefur verið fyrir á svæðinu.

Ofangreinda deiliskipulagstillögu er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 20. desember 2023. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillöguna, og er frestur til að skila inn athugasemd til 7. febrúar 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt skipulagslýsing deiliskipulagstillögu í Rangárþingi eystra.

Hólmalækur - Aðalskipulagsbreyting

Með aðalskipulagsbreytingunni er verið að breyta 32,3 ha. landbúnaðarlandi (L1) í verslunar- og þjónustusvæði (PV).

Bergþórugerði - Aðalskipulagsbreyting

Verið er að breyta fjölda íbúða úr 40 í 90 í heilda við Bergþórugerði á Hvolsvelli (ÍB9). Lögun skipulagssvæðisins kemur ekki til með að breytast.

Brekkur - Aðalskipulagsbreyting

Með aðalskipulagsbreytingunni er verið að breyta 70 ha. svæði úr landbúnaðarlandi (L1), 15 ha. verða verslun og þjónusta (VP) og 37 ha. íbúðabyggð (ÍB).

Ofangreindar skipulagslýsingar verða kynntar fyrir almenningi með opnu húsi hjá skipulags- og byggingarembætti Rangárþings eystra, miðvikudaginn 3. janúar 2023 kl 10:00 til 12:00, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Að auki er hægt að nálgast skipulagslýsingarnar á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 20. desember 2023 með athugasemdarfrest til og með 10. janúar 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir
Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs.

Myndi vísa geimskipum leiðina í Ginnungagap

segir lestrarhesturinn Grýla Jólasveinamóðir

Grýla Jólasveinamóðir er fædd í eldgosi í ónefndu fjalli á 13. öld og hefur lifað allra kerlinga lengst. Ekki er hennar þó getið í heimsmetabók Guinnes. Nú býr hún í öðru fjalli nær höfuðstaðnum ásamt þrettán jólasveinum, Jóni á Völlunum og karlálftinni Leppalúða. Hún er sjaldséð nú á dögum og heldur sig til hlés. Fæst við grófar hannyrðir og hrærir í pottum en stíkar stundum um hjarn á fullu tungli. Glímur við kvíða og lystarstol og reynir að halda jólasveinunum að vinnu. „Þetta eru óttaleg grey og þvælast oft fyrir mér“ segir Grýla og sendir þá burt á myrkasta tímanum til að raska ró mannanna. Hún segist eiga sér draum um nýtt upphaf.

Hvaða bækur ertu að lesa núna? Á aðventunni þegar ég sendi sveinana frá mér les ég mér til leiðinda. Ég er orðin úrhak og óttalegt skar og sjónin farin að mestu. Krumpuð í skinninu og beinaber. Hjartaslögunum fækkar og ég hef misst tennur. Tungan nemur ekkert bragð. En ég heyri sérlega vel og þefskyn er ennþá gott. Mér hefur alltaf líkað vel við gamlar matreiðslubækur og svo er það Ókindarkvæðið sem ég læt kallinn minn farlami lesa fyrir mig á aðventunni. Það var hann Gísli heitinn Brynjólfsson sem skráði það eftir móður sinni. „Það var barn í dalnum sem datt ofan í gat en þar fyrir neðan ókindin sat.“ Þetta kitlar mig ennþá ofurlítið. En Leppalúða skortir gleraugu og því situr hann bara hjá mér rúmliggjandi og tuðar kvæðið eftir minni.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Það eru helst kvæði um leiðindi og annan heimsósóma. Mér leið betur þegar þeir kumpánar Skáld-Sveinn og Stefán Ólafsson í Vallanesi voru uppi. En það eru nokkrar aldir síðan. Stefán orti kvæði um mig og kann ég honum verstu þakkir fyrir þó ég sé ekki að öllu ósammála því sem þar stendur. „Hún er svo ófríð að höfuð ber hún þrjú, þó er ekkert minna en á miðaldra kú.“ Þetta getur þó varla talist rétt og heimildavinnu er greinilega áfátt því ég hef aðeins eitt höfuð í þrennu lagi. Fegurð er



Grýla með Selfoss í bakgrunn. Mynd: Dagskráin/HGL

afstætt hugtak og snyrtiaðgerðum hef ég aldrei hrifist af.

Ertu alin upp við lestur bóka?

Ég átti ekki barnabækur í æsku enda voru engar til. Helst steintöflur, rúnasteinar og lúin skinnhandrit af kálfum og svo auðvitað guðsorðarit og annað skjall í þeim anda. Ég heillaðist af heiðninni og Völuspá fannst mér skemmtileg og frásagnirnar í Snorra Eddu af Óðni, Þór og Loka. Ég kann öll eddukvæðin utan að. Líkaði samt illa við styttingar í handritum. Hef alltaf verið lesblind enda annað augað út á kinn. Ég kunni best við Loka og illkvitnina og prettina í honum enda þekktumst við persónulega. Það er nefnilega svo að í mínum heimi er allt mögulegt.

Segðu aðeins frá lestrarvenjum þínum.

Þær eru helst út af liggjandi nú til dags. Einu sinni var ég yngri og uppistandandi og átti mér drauma. Þó ég sé fædd í eldgosi varð ég ekki strax að ófresku. Ekkert frekar en hún Jóra vinkona mín í Jórúkleif. Ég er nú bara alin upp við baðstofulíf til fjalla og djúpt ofan í hellum. Þá er lesið upphátt og verkin unnin á meðan. Við þurfum auðvitað að komast af eins og mannfólki á láglandinu. Ég sný oft sólarhringnum við og þoli illa sólarljós og blómskrúð. Mér líður betur í skugganum með draugum og tröllum og öðrum forynjum. Mér leiðast álfar og huldufólk.

Áttu þér uppáhalds höfunda eða uppáhalds verk?

Ég þekki ekki þessa nútímahöfunda og hef svo sem ekkert af þeim að segja. Veit þó af þeim því ég sé í gegnum tímann – bæði aftur og fram. Grýlukvæði heilla mig þó alltaf og jólasveinakvæði og tröllasögur og drauga. Enda þekki ég mörg tröll og drauga og kann vel við þann félagsskap. Hér eru engar útgefnar bækur. Menn bara mæta í baðstofuhellinn og lesa upp. Við Jóra í Jórúkleif lesum oft saman bækur um mannfæði og hlægjum svo allt notrar hér í kring.

Hefur bóklestur einhvern tíma rænt þig svefni?

Það er illt að vaka í svefni. Ætli ég viti það nokkuð því ég móki nú til dags oft milli svefns og vöku. Það er helst tuðið í Leppalúða sem veldur mér svefnleysi eða hrópin í Jóni á Völlunum. Bóklestur gerir mig ekki vansvefta. Það er frekar Elli kerling sem gerir það og enginn nær að fella - ekki einu sinni Þór Óðinson.

En að lokum Grýla, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rit höfundur?

Nýtt Grýlukvæði enda þau gömlu orðin úrelt. Ég myndi fara með mig út í geim og hætta þessum barnskap um sjálfa mig. Ég myndi ferðast á hesti Sleipnis eða í valshami Freyju eða jafnvel í skóm Loka. Ég myndi gera mig að stjörnu á himni sem bærir af öðrum stjörnum sakir fegurðar og vísa geimskipum leiðina í Ginnungagap.

Tillögur að áhugaverðum Lestrarhestum berist á netfangið jonozur@gmail.com



Gleðilega rafmagnaða hátíð

Starfsfólk RARIK óskar viðskiptavinum, samstarfsfólki og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og gæfuríks nýs árs. Við hlökkum til að verða samferða ykkur á orkuneti framtíðarinnar.

Gleðilega hátíð.

Auglýsing á skipulagstillögum



Eftirtalдар skipulagslýsingar og skipulagstillögur voru samþykktar til auglýsingar af bæjarstjórn Ölfuss þann 30. nóvember sl. Tillögurnar höfðu áður verið samþykktar til auglýsingar af skipulags- og umhverfisnefnd Ölfuss.

Breyting á aðalskipulagi vegna íbúðarsvæði í landi Mýrarsels

Lögð er fram skipulagslýsing vegna aðalskipulagsbreytingar þar sem íbúðarsvæðið í landi Mýrarsels er stækkað þannig að fimm frístundalóðir sem fyrir eru við svæðið verði íbúðarlóðir innan þess. Bætast þær við sjö íbúðarlóðir sem fyrir eru þannig að þar verða 12 íbúðarlóðir.

Skipulagslýsing - mölunarverksmiðja og höfn í Keflavík vestan við Þorlákshöfn

Skipulagslýsingin fjallar um mölunarverksmiðju og höfn í Keflavík vestan Þorlákshafnar. Hún rammur inn fyrirhugaða aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulag. Gert er ráð fyrir að auka byggingarmagn í reit I3 í samræmi við uppbyggingu svæðisins og heimila mölunarverksmiðju og nýja höfn innan þess.

Skipulagslýsing fyrir aðalskipulagsbreytingu vegna rannsóknaborana í Meitlum og Hverahlíð II

Orkuveita Reykjavíkur leggur fram skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar aðalskipulagsbreytingar þar sem skilgreint er rannsóknarsvæði fyrir orkuvinnslu við Meitla og í Hverahlíð II. Eftir mögulega aðalskipulagsbreytingu verður unnið deiliskipulag fyrir svæðið, áður en að rannsóknnum kemur.

Deiliskipulagstillaga vegna rannsóknarborhola í Meitlum á Hellisheiði

Meitlar eru svæði norðan við Stóra-Meitol á Hellisheiði. Tillaga að deiliskipulagi rannsóknarsvæðis OR í Meitlum heimilar að boraðar verði tilraunaholur í samræmi við heimildir í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins. Ástæðan fyrir þessum fyrirhuguðu borunum er þörfin á að finna frekari orku til að viðhalda afkastagetu Hellisheiðarvirkjunar. Óskað verður eftir heimild sveitarfélagsins um að gerð verði breyting á deiliskipulaginu með það að markmiði að breyta svæðinu í vinnslusvæði vegna jarðhita ef þar finnst vinnanleg orka.

Aðalskipulagsbreyting vegna jarðstrengja að fiskeldi vestan Þorlákshafnar

Breytingin á aðalskipulagi fjallar um jarðstrengi frá tengistöð við Suðurstrandarveg að lóðum fiskeldisstöðvanna First Water (sem áður hét Landeldi ehf.) og Geo Salmo. Bæði þarf að uppfæra þéttbýlis- og dreifbýlisuppdrætti. Skipulagslýsing vegna breytingarinnar var auglýst síðsumars.

Tillögurnar verða til kynningar á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn til 1. febrúar 2024. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 1. febrúar 2024

Sigurður Steinar Ásgeirsson

Skrifstofu- og verkefnastjóri
Umhverfis- og framkvæmdasvið

Ísland óvenju vel skipulagt

Valgerður E. Hjaltested frá Hæli í Hreppum, starfsmaður Bogfimisambands Íslands (BFSÍ), er nýlega komin aftur til landsins eftir að hafa eytt rúmum 6 vikum sem lærlingur í afreksíþróttamiðstöð alþjóðabogfimisambandsins (World Archery Excellence Centre – WAEC) í Ólympíuborginni Lausanne Sviss. Verkefnið var styrkt af þróunarsjóði International Olympic Committee sem heitir Olympic Solidarity (Ólympíusamhjálpin).

Valgerður fór til Sviss í október og kom heim aftur í byrjun desember. Hún bjó í heimavist í háskóla nálægt afreksíþróttamiðstöðinni og á þessum 6 vikum tók Valgerður meðal annars þátt í World Archery Coach námskeiðum, skipulagningu og haldi World Series móts, heimsókn í afreksíþróttamiðstöð Beiter í Þýskalandi, heimsókn á skrifstofur International Olympic Committee og Ólympíusafnið og heimsókn á skrifstofur World Archery.

Þá þjálfaði hún á námskeiðum og æfingum sem boðið var upp á af World Archery í afreksíþróttamiðstöðinni, lærdi af þjálfurunum sem vinna í afreksíþróttamiðstöðinni hvernig þeir skipuleggja og sinna sínum æfingum og íþróttafólki frá byrjendastigi upp á afreksstigi. Auk þess lauk Valgerður World Archery þjálfarastigi 3, sem er hæsta þjálfarstigi hjá heimssambandinu og aðeins einn annar þjálfari er með þau réttindi á Íslandi.

Valgerður segist hafa haft mjög gaman af þessari ferð og tengslunum sem hún myndaði í íþróttinni við fólk alstaðar að úr heiminum. World Archery tekur aðeins inn takmarkaðan fjölda lærlinga á hverju ári í afreksíþróttamiðstöðina og Valgerður var í hópi lengra kominna ásamt fjórum öðrum þjálfurum sem

voru frá Brasilíu, Kyrgystan, Bútan og Kýpur.

Þrátt fyrir að Valgerður hafi setið meira en 180 klukkustundir af kennslu sagði hún að hún hafi verið mun betur undirbúin fyrir þetta en hún gerði sér grein fyrir með öllu því sem hún hefur lært á Íslandi, sérstaklega frá samstarfsfólki sínu hjá BFSÍ og hafi þegar kunnað nánst allt sem var kennt. En að hún hafi safnað sér mikilli reynslu og sjálfsöryggi sem þjálfara í ferðinni.

Ásamt því nefndi Valgerður að það hafi verið áhugavert að sjá hvernig námskeiðshald, aðferðafræði þjálfara og skipulag getur verið mismunandi á mismunandi stöðum í heiminum. Þetta víkkaði út reynslu, þekkingu, sjóndeildarhring og sjálfs-traust hennar á eigin getu sem þjálfara, ásamt því að vera gífurlega mikilvæg reynsla sem hún telur að eigi eftir að hjálpa henni mikið í starfi.

Valgerður sagði að á meðan á námskeiðinu stóð hafi BFSÍ/Ísland verið nefnt reglubundið af kennurum á báðum þjálfaranámskeiðunum sem jákvætt dæmi fyrir aðra til að fylgja í skipulagi, þjálfaramenntun og þátttöku. Einnig var Ísland notað sem dæmi af starfsfólki World Archery þegar fjallað var um jákvæð dæmi um uppsetningu á regluverki, landsliðsvali og skipulagi landsambanda.

Valgerður hafði gert ráð fyrir því að starf annarra landssambanda væri mun skipulagðara eða skilvirkara en það var, en eftir að hafa heyrt reynslusögur frá öðrum þjálfurum þá telur hún Ísland eiga óvenju vel skipulagt landssamsband á heimsvísu. Oftast þegar þjálfarar í lærlinga hópnum voru spurðir um hvort að þeir þekktu til ákveðinna atriða í starfi World Archery var Valgerður sú eina sem rétti upp hönd og var hún nokkrum sinnum fengin til þess að kynna þau



Valgerður í Sviss. Ljósmynd: BFSÍ.

atriði fyrir hinum lærlingunum.

Verkefnið hjá afreksíþróttamiðstöð World Archery heitir Resident Coach Programme (þjálfara lærlings „program“) og var fjármagnað af Ólympíustyrk fyrir þjálfara (Olympic Scholarship for Coaches) sem er styrkur á vegum Ólympíusamhjálparinnar (Olympic Solidarity – OS). Aðeins er mögulegt fyrir Ólympíunefnd hvers lands að sækja um einn slíkan styrk á hverju ári og fái þjálfarar á Íslandi hafi fengið Ólympíustyrk fyrir þjálfara á Íslandi og er Valgerður sú fyrsta á vegum BFSÍ sem sækir slíkt námskeið. Partur af því að hljóta þann styrk er að viðkomandi heiti því að beita fenginni þekkingu til uppbyggingar íþróttarinnar í viðkomandi landi og hentar því mjög vel sem starfsþjálfun fyrir starfsfólk BFSÍ. BFSÍ leggur mikla áherslu á starfsmannahald og menntun/endurmenntun starfsfólks sambandsins.

Heildarstyrkurinn sem fékkst frá Ólympíusamhjálpinni fyrir verkefninu er ekki þekktur þar sem að styrkurinn er að mestu greiddur til afreksíþróttamiðstöðvar WAEC vegna kostnaðar við lærlingana s.s. húsnæðis-kostnaðar, þjálfara, upphaldi, flugi og tilheyrandi þar sem verkefnið er á vegum WAEC en áætlað er að styrkurinn fyrir verkefninu hafi verið á eða yfir aðra milljón.



Valgerður fyrir utan innganginn á WAEC. Ljósmynd: BFSÍ.



Valgerður (t.h.) ásamt þjálfurum í lærlingsprogramminu og einum íþróttamanni á OS styrk í WAEC. Þau eru í starfsmannabólum tengdum World series mótinu í október. Ljósmynd: BFSÍ.

Hátíðarkveðjur


motus



Okkar bestu óskir um ljós og frið á nýju ári.

motus.is

Verksmiðjustjóri

Orkugerðin, sem er leiðandi aðili í hringrásar-hagkerfinu og skapar verðmæti úr lífrænum dýraleifum, óskar eftir að ráða verksmiðjustjóra.

Helstu verkefni verksmiðjustjóra eru dagleg stjórnun á verksmiðju Orkugerðarinnar í Flóahreppi þ.m.t. mannaforráð, viðhald, innkaup, gæðaeftirlit og samskipti við viðskiptamenn.

Leitað er að hæfileikaríkum einstaklingi með áhuga á rekstri og menntun sem nýtist í starfinu. Reynsla af stjórnun er kostur.

Áskilið er að viðkomandi búi á Suðurlandi og tali og skrifi á íslensku. Umsóknafrestur er til 5. janúar.

Umsóknir sendist til Ólafs Wernerssonar í tp.olafur@orkugerdin.is sem einnig veitir nánari upplýsingar í s. 892 8740

Hverjir eru bestir? Pæling

Þörfin á að vera bestur hefur lengi fylgt manninum e.t.v. alltaf, ekki bara að vera sjálfum sér nógur án þess þó að hafa gert áreiðanlegan samanburð á sjálfum sér og öðrum. Eigin sannfæring er mörgum ekki næg sönnun og fullvissa fyrir því að þeir séu nóg heldur þarf að hafa vissu og sannfæringu fyrir því að vera betri en aðrir og a.m.k. af eigin álit bestir. En er sá endilega bestur sem t.d. Hleypur hraðast, sá sem hoppar hæst, syndir hraðast, lyftir mestum þunga, stekkur lengst eða hæst, klífur hæsta fjallið og eða skorar hæst á eðlisfræðiprófinu? Hann er ekki endilega bestur heldur bara tímabundið fremstur í afmarkaðan tíma á afmörkuðu sviði og og í afmörkuðum hópi, en hættir hann þá að vera bestur þegar annar eða aðrir fara fram úr honum og gera betur eða getur hann orðið bestur á ný? Ef einhver er öðrum fremri þá hljóta að vera einhverir

sem standa öðrum að baki, en engin er bestur í öllu og því er erfitt að leggja mat á hver sé bestur og þá bestur í hverju. En allir eru góðir í einhverju þó þeir séu ekki endilega bestir í neinu. Er sá e.t.v. bestur sem sýnir öðrum: Náungakærleik, samkennd eða tillitsemi? Er hægt að vera bestur eða e.t.v. fremstur í því að vera: Slæmur, illur, eigingjarn, árásargjarn eða einfaldlega rekast ekki í hópi eða samfélagi manna? Er viðkomandi þá ekki komin í hóp með þeim verstu? Getur einstaklingur verið bestur? Er einhver hópur bestur? Liðsheild skiptir máli, e.t.v. er hægt að vera bestur í eða með einhverjum tilteknum hópi, en fá sín ekki notið í öðrum hópum eða öðrum aðstæðum sem einstaklingur. Getur maður orðið bestur með því að keppnautar eru ekki líklegir til að valda því að þú verðir næst bestur eða jafnvel náir ekki einusinni því að vera á meðal þeirra bestu? Svo eru þessir c.a. 10% sem eru aldrei bestir í neinu eða fyrir neinn og síst af öllu fyrir sjálfa sig, en flestum bara til ama og leiðinda og sjálfum sér verstir. Er efsta stig lýsingarorðsins góður e.t.v. ofnotað? Það má einnig velja því fyrir sér hlutlægt, en þó almennt hvaða bíll er t.d. bestur? Er það sá sem fer hraðast, eða lengst án vandræða e.t.v. sá sem ræður við hinar fjölbreytilegustu aðstæður t.d. akstur utan vega eða er nóg að bíllinn sé að mati eiganda síns fallegastur á litinn og að ytra útliti og fullnægi þeim kröfum og þörfum sem eigandinn gerir til ökutækis? Er e.t.v. nóg að vera næst bestur eða jafnvel bara nokkuð góður, en það yrði ýmsum aldrei nóg og væru þeir því stöðugt að ströglu við að komast: lengra, hraðar eða hærra þar til þeir komast loks á þann stað sem tryggir þeim að eigin mati og e.t.v. sumra annarra (ekki endilegra allra) að þeir séu orðnir bestir, en fyrir hvern eru þeir þá bestir sjálfan sig eða heildina? Getur einhver t.d. sagt með fullri vissu að einhver tiltekinn matur sé



bestur, er frábær nautasteik betri en kæstur hákarl já eða girnilegur sviðakjammí? Það getur algjörlega staðist að pizzan sé besta pizzan í bænum ekki af því að hún sé svo frábær heldur af því að hún er eina pizzan sem er í boði í bænum. Yrði það mat ekki alltaf einstaklingsbundið og réðist af bragðlaukum hvers og eins og áhrifum máltíðarinnar á velíðan og eftirbragð? Er ekki sá bestur sem er gleðigjafi og lætur öðrum um leið og sjálfum sér líða vel án þess þó að ganga um of á eigið forðabúr gleðinnar sem í honum býr og þannig valda sjálfum sér tjóni? Hversu þungt vega genatengdir eiginleikar og hversu þungt vegur eigið framlag þrotlausra æfinga með það markmið að verða bestur? Er hægt að gera betur en að reyna að vera besta útgáfan af sjálfum sér í hverju því sem einstaklingur tekur sér fyrir hendur? Oft er það svo með pælingar að ekki fæst óyggjandi niðurstaða af þeim þótt enn megi sjálfsagt teigja þær víðar á alla kanta, og svo er með þessa pælingu mína. En líklega er best að láta hér þessari pælingu minni lokið að sinni því fátt er um svör og allt er í heiminum breytilegt. Já mér datt þetta svona í hug.

Ómar Franklínsson
Selfossi

Gefum börnum bækur!

Fallegar og spennandi bækur og gjafavara fyrir unga sem aldna.



Starfsfólk Pennans Eymundsson sendir bókaunnendum og sunnlendingum öllum hátíðarkveðjur og óskir um góð bókaþól.

penninn.is
540-2316

selfoss@penninn.is
Brúarstræti 6



Hið árlega jólaball Kvenfélags Eyrarbakka verður haldið á Stað miðvikudaginn 27.des. frá kl. 15.00 - 17.00.

Frítt inn

Fjölmönnum og skemmtum okkur með jólasveinunum

Nefndin

Telja almenna umræðu um vindorkunýtingu hafa þroskast

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga fékk í síðustu viku kynningu á tillögum starfshóps um vindorku sem síðar um voru kynntar á blaðamannafundi.

„Tillögurnar voru unnar fyrir tilstilli Guðlaugs Þórs Þórðarsonar Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og var markmið starfshópsins að koma með tillögum að umgjörð á uppbyggingu vinorkunýtingar á Íslandi, þar sem litið yrði til áherslu um að slík orkuver byggist upp á afmörkuðum svæðum nærri tengivirkjum og flutningslínunum þar sem unnt yrði að tryggja afhendingaröryggi og lágmarka umhverfisáhrif. Þá var lögð áhersla á að vinna starfshópsins myndi leiða til þess að breið sátt geti ríkt um uppbyggingu vindorkuvera,“ segir í tilkynningu frá stjórn Samtaka orkusveitarfélaga.

Þá hefur stjórn stjórn Samtaka orkusveitarfélaga hefur fundað með starfshópnum á meðan vinnunni stóð og komið á framfæri þeim álitamálum er tengjast uppbyggingu vindorku á Íslandi meðal annars er snúa að skipulagsvaldi sveitarfélaga, skilgreiningu nærumhverfis, álitamál er varða tekjur nærsamfélagsins af virkjanakosti af þessu tagi og mörgum fleiri álitamálum. Þá færir stjórn

starfshópnum sem og ráðherra þakkir fyrir gott samstarf, opið og gott samtal sem mun halda áfram þar til Alþingi afgreiðir málið.

Í tilkynningu segir enn fremur að stjórn Samtaka orkusveitarfélaga muni taka málið fyrir og veita umsögn þegar það kemur í heild sinni í samráðsgátt stjórnvalda en vilji koma því á framfæri að þau telji að með þessum tillögum sé sannarlega verið að stuðla að sátt um uppbyggingu vindorkunýtingar. Starfshópurinn hafi náð vel utan um álitamálin er varða

uppbyggingu vindorkunýtingar svo sem hvort slík verkefni eigi heima innan eða utan ramma, lagt til að virt sé skipulagshlutverk sveitarfélaga, horft er til umhverfis og náttúruverndarsjónarmiða svo sem með útilokun svæða, ávarpað leiðir til forgangsröðunar uppbyggingu og fleira.

Að lokum segir að stjórn Samtaka orkusveitarfélaga telji að almenn umræða um vindorkunýtingu hafi þroskast og að fyrirsjáanlegt sé að hægt verði að vinna málið til enda svo um það ríki almenn sátt.



Auglýsing um skipulagstillögur



Eftirtalдар skipulagstillögur voru samþykktar á bæjarstjórafundi þann 14. desember sl. til auglýsingar. Tillögurnar voru fyrst samþykktar til auglýsingar í skipulags- og umhverfisnefnd Ölfuss þann 6. desember sl.

Deiliskipulagstillaga fyrir jörðina Hlíðarendi - landnr. L171724

Í deiliskipulagstillögunni eru settir skilmálar fyrir áframhaldandi uppbyggingu á svæðinu. Skipulagið er í samræmi við aðalskipulag þar sem það er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og um 40ha iðnaðarsvæði. Í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið en það verður fellt út við gildistöku þess skipulags sem nú er lagt fram.

Litla Sandfell - Breyting á aðal- og deiliskipulagi

Lögð er fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi fyrir námasvæðið við Litla-Sandfell. Unnið hefur verið umhverfismat og liggur álit Skipulagsstofnunar þar um fyrir. Sértek skipulagsákvæði fyrir svæðið eru óbreytt nema að námasvæðið er stækkað úr 24,3 ha. í 40 ha. og heildar efnistaka eykst úr 10.000.000 rúmmetrum í 18.000.000 rúmmetra. Áætluð efnitaka á ári er um 625.000 m³.

Tillögurnar verða til kynningar á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn til 1. febrúar 2024. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 1. febrúar 2024.

Sigurður Steinar Ásgeirsson
Skrifstofu- og verkefnastjóri
Umhverfis- og framkvæmdasvið

ÓDÝRASTA ELDSNEYTIÐ OKKAR
Á SELFÖSSI

AQ

ATLANTSOLÍA

Úr svartri auðn í stærsta bú landsins

„Ég kom í Gunnarsholt þegar ég var rétt rúmlega eins árs gamall, síðan hef ég verið viðloðandi staðinn, síðan 1947, meira og minna allt mitt líf nema þegar ég var í framhaldsskóla og háskólum, annars hef ég bara verið í Gunnarsholti þannig að ég leit þannig á að það væri enginn betur til þess fær en ég að segja frá sögu staðarins.“ Segir Sveinn Runólfsson í samtali við Dag-

skrána, en Sveinn bjó í Gunnarsholti í hartnær 70 ár, þar af var hann landgræðslustjóri í 44. Hann er í þann mund að leggja lokahönd á bók sína Saga Gunnarsholts á Rangárvöllum í máli og myndum þar sem hann fer yfir merkilega sögu Gunnarsholts.

„Í Gunnarsholti er geysilega mikil og merk saga og löng og ég byrja á að segja lítilla frá

henni við landnám og svo fjalla ég svolítið um eyðingarsöguna, þar til að Gunnarsholt fer endanlega í eyði 1925, þá var öll jörðin og allar aðliggjandi jarðir orðnar svartur sandur. Aðalhluti bókarinnar fjallar um hvernig þetta land var endurreist og hvernig þessi miklu landgæði sem þarna voru, hvernig þau voru endurheimt,“ segir Sveinn um bókina.

Hann segist ekki í vafa um að allt land Gunnarsholts hafi verið kjarri vaxið í upphafi. „Sem dæmi um það má telja að, fyrir utan þau merki sem hafa fundist í jörð og jarðvegi sem ekki er fokinn á haf út, á öllum þessum jörðum á þessu svæði á Rangárvöllum, þar voru bæirnir byggðir uppi á hólum og framan í brúnum. Menn vildu sjá yfir landið, þeir sáu ekkert fyrir skóginum, skógarnir voru brenndir og höggðir í eldivið og til þess að þreyja fram lífið þangað til ekkert kjar var eftir og þegar kjarrið var horfið þá hvarf skjöldurinn sem verndaði þennan eldfjallajarðveg og viðkvæma gróður. Þegar þessi skjöldur var horfinn þá byrjaði hamslaus uppblástur og þá eyddist þetta smátt og smátt, allur gróður og þarna var búfé beitt allan ársins hring.“

„Þýðir ekkert að kenna Heklu einni um þetta“

„Það var nánast ekkert land eftir til þess að heyja og þess vegna fór þetta svona endalega í þessa miklu eyðimörk. Það er ekki nokkur vafi á því að Rangárvellir og Rangárvallarhreppur er verst leikna sveitarfélag landsins af þessum náttúruhamförum í formi uppblásturs og gróðureyðingar. Það var ekki Heklu gömlu einni um að kenna nema óbeint því það er alveg ljóst að hún var búin að vera að gjósa í mörg þúsund ár áður en landnámið hófst og það er ekki fyrir en áhrif búsetunnar og rányrkju fer að gæta verulega sem að uppblásturinn hefst. Vissulega eru óbein áhrif í því að jarðvegurinn þarna er mjög fokgjarn út af ösku og vikri en það þýðir ekkert að kenna bara Heklu um þetta. Við getum kennt sjálfum okkur og



Sveinn Runólfsson.

vanþekkingu um þetta en fólkið varð að þreyja fram lífið og nýta allt það sem landið gaf og rúmlega það,“ bætir Sveinn við.

Sveinn segir að fyrsta ráðið í baráttunni við að stöðva eyðinguna hafi verið að girða og friða verstu sandfokssvæðin fyrir beit. „Fjárveitingar voru af afskaplega skornum skammti og það voru lítil svæði sem voru tekin fyrir hverju sinni en það skipti sköpum og þar sem verstu sandflákarnir voru, þar voru hlaðnir grjótgardar sem ég lýsi í bókinni, þvert á helstu vindáttina, norðaustanáttina, til að stöðva sandskrið og gefa melgresinu grið sem var sáð meðfram þessum gördum.“

Girða, hlaða og sá

„Þessir þrír þættir skiptu sköpum á fyrstu 40 árunum: Girða og friða fyrir beit, hlaða grjótgarda og sá melfræi. Það er engin jurt, önnur en melgresið, sem við þekkjum í dag sem þrífst og líður vel í miklu sandfoki. Til

dæmis þegar ráðið var til atlögu af fullum krafti á Landeyjasandi út af Landeyjarhöfn þá var ekkert nema melgresið sem varð að grípa til og Landgræðslan þekkti vel til að takast á við að framleiða fræ af því.

Þessi bók lýsir því hvernig þessari sandauðn var breytt, á nokkrum áratugum, í það að bera langstærsta bú sem nokkurn tímann hefur verið til á landinu. Þarna voru á vetrarfóðrum um 1650 fjár, nærri 700 höfuð af holdanautum, 1-200 hross og óheyrilega mikill heyskapur og stór graslögglaverksmiðja, þannig það er ekkert bú sem hefur komist í hálfkvísi við Gunnarsholtsbúið að stærð og umfangi. Allt á landi sem var svört eyðimörk,“ segir Sveinn að lokum.

Um 600 ljósmyndir prýða bókina og hana er hægt að panta í forsölu fram að áramótum á hagstæðu verði hjá Sveini í síma 893 0830 eða sveinnrun@gmail.com.

HGL

Sendum félagsmönnum okkar, aðstandendum og Sunnlendingum öllum, hugheilar jóla- og nýárskveðjur með innilegri þökk fyrir góðar samverur og ómetanlegan stuðning á árinu.

Megi nýja árið færa ykkur góða heilsu og ótal margar gleðistundir



Krabbameinsfélag
Árnessýslu

Við óskum félagsmönnum og fjölskyldum þeirra ásamt landsmönnum öllum gleðilegra jóla farsældar og friðar á komandi ári.

Þökkum samskiptin
á árinu sem er að líða.



Sendum félagsmönnum, fjölskyldum þeirra og landsmönnum öllum hugheilar jóla- og nýárskveðjur.



Guðmunda vann fullnaðarsigur á MAST

Þann 28. mars sl. kærði Guðmunda Tyrfingsdóttir í Lækjartúni á Hellu til Matvælaráðuneytisins, ákvörðun Matvælastofnunar (MAST) sem tekin var þann 4. janúar sl., um að vörslusvipta hana búfénaði sínum og færa hann til slátrunar. Krafðist Guðmunda þess að ákvörðun stofnunarinnar yrði felld úr gildi og þess að viðurkennt yrði að förgun á öllu búfé hennar hefði verið ólögmæt stjórnvaldsaðgerð.

Metur ráðuneytið það svo að gögn málsins beri ekki með sér að ástand dýranna hafi verið með þeim hætti að nauðsynlegt hafi verið að grípa til svo skjótra og varanlegra aðgerða án þess



Lækjartún á Hellu. Mynd. já.is.

að gefa Guðmundu færi á að að koma á framfæri athugasemdum við málsmeðferðina eða ráðstöfunina. Í ljósi þess, meðal annars, var úrskurður MAST

um vörslusviptingu á búfé Guðmundu Tyrfingsdóttur felldur úr gildi og því ólögmætur.

Nánar um málið á DFS.is



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
Eyravegi 25, Selfossi



Félag eldri borgara á Selfossi sendir öllum eldri borgurum í Árborg hugheilar jóla- og nýársóskir og þakkar frábært samstarf á liðnu ári

Stjórn FEBSEL

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

Eyravegur 42-44 – Deiliskipulag verslunar- og þjónustulóðar auk íbúðalóðar.

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum 29. nóvember 2023, tillögu að deiliskipulagi verslunar- og þjónustu, auk íbúðarsvæðis á lóðunum Eyravegur 42-44 á Selfossi. Tillagan tekur til breytinga á núverandi notkun lóðanna 42 og 44 við Eyraveg. Lóðirnar hafa í árána rás verið nýttar undir starfsemi byggingarvöruverslunar. Í tillögunni er gert ráð fyrir að verslunarstarfsemi verði á lóð 42, og hluti núverandi bygginga verði rifinn og fjarlægður. Á lóð 44 er gert ráð fyrir að rísi á tveimur reitum F1 og F2 íbúðarhúsnæði á 3-5 hæðum. Gert er ráð fyrir að á lóðinni verði rými fyrir allt að 65-75 íbúðir, með nýtingarhlutfall upp á 1,1. Tillagan gerir ráð fyrir að heimilt verði að byggja bílakjallara. Þá er gert ráð fyrir að lóðirnar 44 og 44a á Eyravegi verði sameinaðar í eina lóð. Svæðið er skilgreint í aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 sem miðsvæði, en er jafnframt skilgreint sem þróunarsvæði, þar sem skuli vera blanda af verslunar-, þjónustu- og íbúðarsvæði.

Hjalladæl – Deiliskipulag íbúðabyggðar, Eyrarbakka.

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum 13. desember 2023, tillögu að deiliskipulagi íbúðasvæðis við Hjalladæl á Eyrarbakka. Afmörkun deiliskipulagstillögu tekur til um 6 ha svæðis þ.e. núverandi byggð norðan Túngötu 20-66 og svæði í framhaldi af Hjalladæl, bæði til austurs og vesturs. Gert er ráð fyrir að Hjalladæl lengist til vesturs að Bárðarbrú og einnig til austurs. Stór hluti byggðar norðan Túngötu er án deiliskipulags og skipulaginu er ætlað að ná yfir núverandi byggð sem og nýja fyrirhugaða byggð. Tillagan gerir ráð fyrir að til verði 5 nýjar lóðir fyrir þriggja íbúða raðhús, 8 lóðir fyrir parhús og 6 lóðir fyrir einbýlishús, þ.e. 15 íbúðir í raðhúsum, 16 íbúðir í parhúsum og 6 íbúðir í einbýlishúsum, samtals 37 nýjar íbúðir. Þá eru skilgreindar lóðir og byggingareitir á lóðum norðan Túngötu á milli lóða nr. 20 til 66 og gerð grein fyrir byggingarmagni á þeim lóðum, í töflu 1.1. á uppdraetti. Í gildi eru skv. skipulagsvefsjá Skipulgsstofnunar tvö eldri deiliskipulög á skipulagssvæðinu (skv. yfirlitsmynd 02, á uppdraetti). Hið fyrra er deiliskipulag Svæðis 2 (gul brotin lína) sem samþykkt var í hreppsnefnd Eyrarbyggðar 13. maí 1989 og hið síðara (appelsínugul brotin lína) er deiliskipulag fyrir Hjalladæl, samþykkt í bæjarstjórn Árborgar 14. júlí 2004. Bæði þessi deiliskipulög falla úr gildi við gildistöku nýrrar deiliskipulagstillögu. Búið er að byggja á flestum lóðum tveggja eldri deiliskipulaga sem nefnd eru hér að framan ef undan er skilið tvær vestustu lóðirnar norðan Túngötu á Svæði 2.

Nabbi 3 – Deiliskipulag spildu á landbúnarðarlandi.

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum 13. desember 2023, tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðina Nabbi 3 (L232497) sem er 14225,4 m² að stærð. Lóðin er staðsett í Sveitarfélaginu Árborg, í Sandvíkurhreppi hinum forna. Tillagan gerir ráð fyrir að heimilt verði að byggja frístundahús og gestahús auk skemmu. Landspildan er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi Árborgar 2020-2036.

Samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

Deiliskipulagsbreyting – Tryggvagata 15, Selfossi.

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum 13. desember 2023, tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi skóla- og sundhallarreits við Tryggvagötu 15, á Selfossi. Breytingin nær til nýrsta hluta sundhallarreits. Meginbreytingin felst í að gert er ráð fyrir að heimilt verði að byggja tvær hæðir, í stað einnar hæðar sem var samþykkt í deiliskipulagsbreytingu með birtingu í B-deild stjórnartíðinda 23.9.2019. Þá er gert ráð fyrir að akstursstefna milli Tryggvagötu og Bankavegar verði í formi einstefna. Samfara ofangreindum breytingum verða lóðamörk Tryggvagötu færð til norðurs, auk þess sem lóðarlína á austurmörkum Sandvíkurseturs eru færð nokkra metra til vesturs.

Deiliskipulagsbreyting – Austurvegur 11 og Tryggvagata 6 (8), Selfossi.

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum 13. desember 2023, tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi „Austurvegur til Ölfus ár, milli Sigtúns og Fagurgerðis frá árinu 1989“ Breytingin tekur til verslunar- og þjónustulóðanna að Austurvegi 11 og Tryggvagötu 6 á Selfossi. „Markmið breytingarinnar er að heimila uppbyggingu í samræmi við stefnur og ákvæði sem sett eru fram í nýju Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036. Austurvegur 11 (1132 m²) er þegar byggð lóð. Þar stendur hús á einni hæð sem er nýtt undir verslunarstarfsemi. Núverandi nýtingarhlutfall lóðar er 0,6. Tryggvagata 8 (486 m²) er óbyggð lóð og með breytingunni er byggingarreitur lóðar felldur út. Heimilt verður að hafa bílastæði innan lóðar og er gert ráð fyrir aðkomu um lóð Austurvegar 11. Breyting á gildandi deiliskipulagi felst í að nýtingarhlutfall á lóðinni Austurvegur 11, er aukið úr 0,6, í 2,0 ofanjarðar og 1,0 neðanjarðar, sem er í samræmi við ákvæði um miðsvæði (M4), í gildandi Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036. Tryggvagata 6, breytist og verður Tryggvagata 8, og mun þjóna Austurvegi 11, sem bílastæðalóð. Heimilt verður byggja á Austurvegi 11, allt að 4 hæða hús, auk bílakjallara.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Deiliskipulagstillögur eru auglýstar með athugasemdafresti frá 20. desember, til og með 31. janúar 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 31. janúar 2024.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæraneleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR

S. 662 1122
Daglegar ferðir
 SELFOSS - REYKJAVÍK
 SUÐURLAND


KJARNABÓKHALÐ

Bókhalð • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
 Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.

Eyurvegi 27 - 800 Selfoss
 s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhalð - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Energy Touch
 - Nudd
 - Heildræn með-
 höndlun

Gjöf sem
gleður

Gjafabréf

Ragnhildur
Sigurðardóttir
Farsími
693 2197
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í þrótafræðum,
 nálastungur, yoga,
 NLP-master/coach,
 nuddmeistari,
 Hugræn atferlismeðferð,
 meta medicine.



FÉLAGSSTÖRF



GLEÐILEG JÓL
OG FARSÆLT
NÝTT ÁR

Kveðja,
Stjórn FEBSEL

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
 kl. 20:00, nýliðafundur
 kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
 í einu. Laugardagsmorgnum
 kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
 Þrið. kl. 19 - AA konufundur
 Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
 Fim. kl. 20 - AA karlafundur
 Fös. kl. 20:30 - AA fundur
 Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
 Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
 AA Hrísholti 8, Selfossi.
 Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
 Poniedzialek i czwartek i sobota
 godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800
 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
 Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
 Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
 Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
 Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
 borða? OA 12 spora fundir
 Overeaters anonymous alla
 þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
 Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
 Hrísholti 8, Selfossi.
 Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
 Þorlákshöfn
 Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
 Mánamörk 1, Hveragerði, efri
 hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
 Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KIRKJA

Selfosskirkja

Hátíðarstund barna í Selfoss-
 kirkju Þorláksmessu 23. des-
 ember kl. 11:00; fyrir börn og
 fullorðna, ungmenni, afa og
 ömmur. Umsjón Sjófn og sr.
 Gunnar og Rebba refur kikir í
 heimsókn. Notaleg stund fyrir
 alla fjölskylduna.

Aftansöngur á aðfangadag
 24. desember kl. 18:00. Kirkju-
 kórinn syngur, organisti Edit A.
 Molnár. Prestur Guðbjörg Arnar-
 dóttir

Miðnæturguðsþjónusta á
 aðfangadagskvöld 24. desem-
 ber kl. 23:30. Kirkjukórinn syngur,
 organisti Edit A. Molnár,
 Jóhann I. Stefánsson leikur á
 trompet. Prestur Guðbjörg Arnar-
 dóttir.

Aftansöngur á gamlársdag
 31. desember kl. 17:00, Kirkju-
 kórinn syngur, organisti Edit A.
 Molnár, prestur Guðbjörg Arnar-
 dóttir.

Stokkseyrarkirkja

Aftansöngur á aðfangadag 24.
 desember kl. 18:00. Kirkjukórinn
 syngur organisti Haukur Arnarr
 Gíslason, prestur Gunnar
 Jóhannesson.

Eyrarbakakirkja

Miðnæturguðsþjónusta á
 aðfangadagskvöld 24. desem-
 ber kl. 23:30, Kirkjukórinn syngur,
 organisti Haukur Arnarr
 Gíslason, prestur Ása Björk
 Ólafsdóttir.

Villingholtskirkja

Hátíðarguðsþjónusta á jóladag
 25. desember kl. 11:00, Kirkju-
 kórinn syngur, organisti Guð-
 mundur Eiríksson, prestur Ása
 Björk Ólafsdóttir.

Laugardælakirkja

Hátíðarguðsþjónusta á jóladag
 25. desember kl. 13:00, almenn-
 ur safnaðarsöngur, organisti
 Guðmundur Eiríksson, prestur
 Ása Björk Ólafsdóttir.

Gaulverjabæjarkirkja

Hátíðarguðsþjónusta á jóladag
 25. desember kl. 15:00, Kirkju-
 kórinn syngur, organisti Pétur
 Núi Stefánsson, prestur Dagur
 Fannar Magnússon héraðs-
 prestur.

Hraungerðiskirkja

Hátíðarguðsþjónusta á öðrum
 degi jóla 26. desember kl. 11:00,
 Kirkjukórinn syngur, organisti
 Guðmundur Eiríksson, prestur
 Gunnar Jóhannesson.

Bræðratungukirkja

Hátíðarmessa kl. 13 á öðru degi
 jóla, 26.12.

Haukadalskirkja

Hátíðarmessa kl. 15 á öðru degi
 jóla 26.12.

Miðdalskirkja

Hátíðarmessa kl. 11:00 á jóla-
 dag, 25.12.

Kotstrandarkirkja

Helgistund á aðfangadag kl.13.
 Hátíðarguðsþjónusta á jóla-
 dag kl.14.

Skálholtsdómkirkja

Aftansöngur á aðfangadegi jóla
 kl. 18.

Jólanótt kl. 23:30
 Hátíðarmessa kl. 14 á jóla-
 dag.
 Aftansöngur á gamlársdag kl.
 17.

Stóru-Borgarkirkja

Hátíðarmessa kl. 11 á öðru degi
 jóla 26.12.

Torfastaðakirkja

Hátíðarmessa kl. 14 á nýjársgdag.

Þingvallakirkja

Hátíðarmessa kl. 14 á jóladag.
 Hátíðarmessa kl. 16 á nýjársgdag.

Þorlákshafnarprestakall

Aftansöngur á aðfangadag kl.
 18:00 í Þorlákskirkju.

Hátíðarguðsþjónustur á ann-
 an dag jóla, kl. 13:30 í Hjallakirkju
 og kl. 15:00 í Strandarkirkju.
 Hátíðartón sr. Bjarna
 Þorsteinssonar verður flutt. Kór
 Þorlaks- og Hjallakirkju syngur
 undir stjórn Esterar Ólafsdóttur,
 organista og sóknarprestur
 þjónar.

Hveragerðiskirkja

Aftansöngur á aðfangadag kl.18.
 Aftansöngur á gamlársdag
 kl.17.

Kotstrandarkirkja

Helgistund á aðfangadag kl.13.
 Hátíðarguðsþjónusta á jóla-
 dag kl.14.

Safnaðarheimili Aðventista

Laugardaginn 23. des., Bibliu-
 rannsókn kl. 11 og aðventuguð-
 sþjónusta kl. 12 með fjölbreyttri
 tónlist. Hugvekja Birgir Óskars-
 son, organisti Ester Ólafsdóttir.
 Sunnudagur 24. des., aftan-
 söngur kl. 16:30

Laugardagur 30. des., bibliu-
 rannsókn kl. 11 og guðsþjón-
 usta kl. 12. Prédikun Eric Guð-
 mundsson. Eyurvegur 67,
 Selfossi.



Viltu vekja
athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu
 tilboð í auglýsingar í blaðið
 og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



MATUR

Skötuveisla

Lionsklúbbur Laugardals
 býður til skötuveislu á
 þorláksmessu í
 Héraðsskólanum að
 Laugarvatni.

Upplýsingar og pantanir í
 síma 866 0137.

Lokadagur sýning- anna í safninu og sérviðburður með Jakobi Veigar

Listasafn
 Árnesinga
 býður gesti
 velkomna á
 listamanna-
 spjall með
 Jakobi Veigar
 Sigurðssyni
 klukkan 14:00 þann 22. desem-
 ber nk.



Þetta er lokadagur sýningar-
 innar og ýmislegt verður í boði
 í safninu.

Jakob Veigar (1975) starfar
 og býr í Vínarborg en er upp-
 alinn í Hveragerði. Hann fetaði
 fremur seint inn á veg mynd-
 listarinnar eftir að hafa snúið
 baki við byggingariðnaðinum
 og snúið sér að myndlist. Hann
 útskrifaðist með BA gráðu í
 myndlist frá Listaháskóla Ís-
 lands 2016 og sem „Herr Mag-
 ister“ í myndlist frá Akademie
 der bildenden Künste í Vínar-
 borg 2019.

Jakob er einnig með BA
 gráðu í byggingateknifræði
 frá Háskólanum í Reykjavík.
 Málverkið er hans aðal miðill
 og er innblásið af persónulegri
 reynslu, alkóhólískum huga sem
 reynir að skilja samfélagið sem
 hann dvelur í á hverjum tíma
 ásamt djúpri tengingu hans við
 náttúruna.

Jakob hefur á ferðalögum á
 framandi slóðir m.a annars Ind-
 land og Íran notað myndlistina
 til að dýpka skilning og teng-
 ingu við framandi menningu.

Þrátt fyrir stutta viðkomu í
 myndlistinni er verk Jakobs að
 finna í einkasöfnum víða um
 heim og hafa verk hans verið
 sýnd á Íslandi og um Evrópu,
 Kína o.fl.

Megi hönd þín vera heil, er
 saga af ferðalagi frá Íslandi til
 Írans. Saga af listamanni sem
 elti ástina á milli heimsálfa á
 tímum heimsfaraldar. Ferðalag
 til einnar af elstu menningu ver-
 aldar þar sem hann fann hluta af
 sjálfum sér í landslagi töluvert
 frábrugðið hans eigin. Saga af
 ást sem glataðist, á meðan hann
 safnaði sögum og efni frá hirð-
 ingjum og handverksfólki um
 allt Íran. Allt frá Frá skítugum
 mottum, ómetanlegum vefnaði
 og útsaum sem hann notar til að
 skapa sína persónulegu og ein-
 stöku veröld.

Eftir spjallið mun Saleh
 Rozati frá Íran flytja gjörning
 á hefðbundna persneska Daf
 trommu við undirleik eigin
 hljóðgjörnings.



Atorka og athafnasemi í Trédeild FSu

Það er oft nóg að sýsla í trédeild FSu fyrir utan daglegt nám og störf. Öflug samskipti atvinnulífs og verknáms eru mikilvæg og felast meðal annars í stuðningi við tækja-kaup og uppfærslu í öryggismálum. 17. október síðastliðinn var þar mikið um að vera þegar afhending vinnufatapakksins fór fram. Í leiðinni var haldið reisugildi á húsinu sem er í byggingu í porti verknáms-hússins IDU. Fulltrúar frá BYKO, Snickers vinnufötum og Bosch verkfæra mættu og sáu um allar veitingar, hlaðborð í mat og drykk

auk þess sem Bosch bíllinn mætti á svæðið troðfullur af verkfærum. Frá BYKO fékk trédeildin Bosch handfræsara með öllum búnaði af bestu gerð og 18V auka rafhlöður í vélarnar sem til eru. Hagi (Snickers vinnuföt) færði deildinni stórt Hultafors hallamál af dýrustu gerð og stóran breytilegan vinkil af bestu gerð. Að sögn Lárusar Gestssonar fagstjóra er „samstarfið við þessa aðila okkur mikils virði og gerir skólabraginn í trédeild betri og öruggari. Gerir okkur líka kleift að fylgjast með og vera alltaf með

góð og samkeppnishæf verkfæri fyrir nemendur okkar.” Þriðjudaginn 28. nóvember síðastliðinn fengu nemendur og kennarar í trédeildinni dýrmæta heimsókn frá Þórhalli Matthías-syni og Magnúsi Halldórssyni frá Haga/Hilti þar sem hlýtt var á erindi þeirra um fallvarnir og fallvarnarbúnað en mikilvægi þess að fara reglulega yfir öryggismálin verður aldrei ofmetið. Í lokin fengu nemendur og trédeild veglegan skammt af öryggisgleraugum að gjöf. lg / jöz



Mynd: Fjölbrautaskóli Suðurlands.

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:

- 1. Vestur-Meðalholt L165513; Ný íbúða byggð í dreifbýli; Aðalskipulagsbreyting – 2302029**
- Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 12. desember 2023 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar er varðar nýtt íbúða svæði í landi Vestur- Meðalhólts, í breytingunni felst breytt skilgreining landbúnaðarlands í íbúðarbyggð. Alls er um allt að 20 hektara svæði að ræða fyrir allt að 20 íbúða lóðir. Lóðirnar geta hver um sig verið 1 til 3 ha og gert verður ráð fyrir rúmum byggingarheimildum. Innan lóða er gert ráð fyrir heimildum til garðræktar, skógræktar, kolefnisbindingar, takmarkaðs búfjárhalds eða minni háttar atvinnustarfsemi, þ.e.a.s. vinnustofur, gallerí eða gisting í samræmi við ákvæði aðalskipulags.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar:

- 2. Hrunamannafréttur: Kerlingarfjöll; Landvarðaskáli, Deiliskipulag – 2110001**
- Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 12. desember 2023 að kynna tillögu nýs deiliskipulags auk óverulegrar breytingar á eldra deiliskipulagi Kerlingarfjalla. Skipulagstillagan tekur til skilgreiningar lóðar fyrir landvarðarskála í Kerlingarfjöllum. Innan lóðar verður heimilt að byggja allt að 150 m2 skálahús á einni til tveimur hæðum. Samhliða gildistöku þessa skipulags verður svæði fellt úr gildandi skipulagi svæðisins frá 2014.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

- 3. Hagi 2 L166551; Náma og aðkoma; Aðalskipulagsbreyting – 2306043**
- Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 22. nóvember 2023 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til skilgreiningar á námusvæði í landi Haga 2 L166551 eftir kynningu. Með breytingunni verður sett inn 1,5 ha efnistökusvæði þar sem heimilt er að vinna allt að 45 þús. m3 af efni. Markmið með breytingunni er að heimila meiri efnistöku en getur fallið undir að vera til eigin nota og er því skilgreint sem efnistökusvæði.

Samkvæmt 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana og deiliskipulagsbreytinga:

- 4. Tildra L235690; Landbúnaðarland og frístundabyggð; Deiliskipulag – 2311005**
- Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 12. desember 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til lóðar Tildru, L235590. Í skipulaginu felst m.a. skilgreining frístanda- og landbúnaðarlóða auk byggingarheimilda innan þeirra. Nýtingarhlutfall er að hámarki 0,03 fyrir frístandalóðir. Á landbúnaðarlóðum er heimilt að byggja íbúðarhús auk útihúsa. Innan byggingarreita B1 er heimilt að byggja frístandahús ásamt gestahúsi/geymslu. Innan byggingarreita B2 er heimilt að byggja íbúðarhús ásamt útihúsum og geymslu.

- 5. Hlauphólar L219058; Gisting flokkur I og II; Deiliskipulagsbreyting – 2312005**
- Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 18.

desember 2023 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til breytingar á deiliskipulagi frístundasvæðis í landi Hlauphóla L219058. Í breytingunni felst að veitt verði heimild til rekstrarleyfisskyldrar starfsemi í formi útleigu á frístandahúsum innan skipulagssvæðisins.

- 6. Heiðarbær við Þingvallavatn; Frístundabyggð; Deiliskipulag – 2206013**
- Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20. desember 2023 að auglýsa að nýju tillögu deiliskipulags sem tekur til frístundabyggðar Heiðarbæjar við Þingvallavatn. Markmið deiliskipulagsins er að hafa til staðar deiliskipulag sem gefur heildarmynd af svæðinu þar sem lóða mörk, aðgengi og gönguleiðir eru skýrar. Jafnframt að fylgja eftir stefnu Bláskógabyggðar um að til skuli vera deiliskipulag fyrir eldri frístundasvæði. Með deiliskipulagsgerðinni er unnið að því að samþætta lóðamörk, auka skilvirki við umsýslu á lóðum ásamt því að ramma inn svæðið og nýtingu þess í heild og einstaka þætti þess s.s. innviði, náttúruvernd og aðgengi. Skipulagið var áður auglýst frá 14.7.22 til 26.8.22. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á skipulaginu frá fyrri auglýsingu auk þess sem meira en ár er liðið frá því að athugasemdafrestur vegna fyrri auglýsingar rann út og er því tillagan auglýst að nýju.

Samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða sveitarstjórna vegna eftirfarandi óverulegrar aðalskipulagsbreytingar.

- 7. Borg í Grímsnesi; Skilmálabreyting VÞ15; Aðalskipulag – 2311009**
- Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. nóvember 2023 óverulega breytingu á aðalskipulag sveitarfélagsins er varðar heimildir innan landnotkunarflokks VÞ15 í þéttbýlinu á Borg. Í breytingunni felst að heimild verði fyrir íbúðum til fastrar búsetu innan reitsins. Samhliða var unnin breyting á deiliskipulagi svæðisins. Málin voru grenndarkynnt 17.11 – 18.12 2023, engar athugasemdir bárust á kynningartíma. Niðurstaða sveitarstjórnar tilkynnt hér með.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna, www.blaskogabyggd.is www.floahreppur.is www.fludir.is, www.gogg.is og www.skeidgnup.is

Mál 1 og 2 innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 21. desember 2023 með athugasemdafrest til og með 12. janúar 2024.

Mál 3 - 6 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 21. desember 2023 með athugasemdafrest til og með 2. febrúar 2024.

Mál 7 innan auglýsingar er tilkynning um niðurstöðu sveitarstjórnar.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is. Bendum jafnframt á að málin eru aðgengileg á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Vígfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

Grunnskólinn í Hveragerði styrkir Ljónshjarta um tvær milljónir króna



Síðastliðin ár hafa nemendur Sog starfsfólk Grunnskólans í Hveragerði haldið góðgerðarþema í nóvember. Tilgangur þemadaganna er að efla samkennd nemenda og láta um leið gott af sér leiða. Þrír dagar fara í vinnu þar sem ýmsar vörur eru útbúnar og svo seldar á Góðgerðardag sem haldinn var föstudaginn 1. desember síðastliðinn. Markaðstorg var opið öllum í íþróttahúsi og einnig sáu nemendur á elsta stigi um kaffihús í mótuneyti skólans fyrir gesti. Í ár söfnuðust hvorki meira né minna en 2.000.000 kr.

„Ein stærsta ákvörðun sem við tókum í tengslum við góðgerðarþemað er hvaða starfsemi við ákveðum að styrkja í það og það skiptið. Við höfum að mestu lagt það í hendur nemenda. Í öllum bekkjum fer fram umræða um hvaða starfsemi við viljum styrkja og í framhaldi af þeirri umræðu er rafræn könnun lögð fyrir hvern bekk. Kosning um hugmyndir nemenda fer einnig fram meðal starfsfólks.

Sameiginleg niðurstaða starfsfólks og nemenda í ár var sú að styrkja Ljónshjarta en það eru samtök til stuðnings fólki sem misst hefur maka og barna sem misst hafa foreldri,“ segir í tilkynningu frá Grunnskólanum í Hveragerði.

„Þau málefni sem við höfum styrkt hingað til hafa verið valin með tilliti til þess að börn njóti á einhvern hátt góðs af styrknum. Meginstef okkar hefur þannig verið að börn styrki börn. Umtalsverðar fjárhæðir hafa safnast á þessum árum með sölu á vörum og eins hafa fjölmörg fyrirtæki stutt við bakið á söfnuninni með beinum peningastyrkjum,“ segir ennfremur í tilkynningunni en styrkþegar þeirra hingað til hafa verið:

2015: Amnesty International (460.00 kr.)

2016: Félag krabbameins-sjúkra barna (810.000 kr.)

2017: Barnaspítali Hringins (1.360.000 kr.)

2018: Birta, landssamtök þar sem foreldrar sem misst hafa

börn sín skyndilega geta sótt styrk og stuðning (1.750.000 kr.)
2019: Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna (1.480.000 kr.)
2020: Féll niður vegna Covid
2021: Dropinn, styrktarfélag barna með sykursýki (1.400.000 kr.)

2022: Einstök börn, stuðningsfélag barna og ungmenna með sjaldgæfa sjúkdóma eða sjaldgæf heilkenni (2.184.000 kr.)

2023: Samtökin Ljónshjarta, samtök til stuðnings fólki sem misst hefur maka og barna sem misst hafa foreldri (2.000.000 kr.).

Á myndinni eru Elín Diljá, Embl Lön og Stefán Gunngeir ásamt skólastjórnendum og fulltrúum frá Ljónshjarta við afhendingu styrksins sem að þessu sinni er 2.000.000 kr.

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

HREINGERINGA-ÞJÓNUSTA Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steintéppahreinsun, téppahreinsun, bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Freint um allt Suðurland

HSH
Þrif og flutningar ehf
Breiðumýri 3 Selfossi
Hefur opnað þvottahús,

Þvottur- og leiga á líni-,
ræstingar, þrif og
flutningarþjónusta
Uppl. í síma 792.1727 eða
hshflutningar@gmail.com

HSH

BRÁÐ AF VINATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

expert
kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþvottur - Almennar raflagnir

LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna

★★★★★
Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyrn.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

HREINSITÆKNI

Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun

Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

Tækniþjónusta
Suðurlands ehf.
Selfossi

Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkerfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar **Vilmundur**
Guðmundsson **Sigurðsson**
Sími 694 4922 Sími 779 6777

VÉLSMIÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Við prentum
ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Pantað ljósmyndaprentun
í öllum algengustu
ljósmyndastærðunum.



SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER